

Lánasjóður sveitarfélaga - Reikningsskil 2009.

Góð afkoma á rekstri Lánasjóðs sveitarfélaga ohf.

Lánasjóður sveitarfélaga ohf. er lánafyrirtæki og starfar eftir lögum um fjármálafyrirtæki undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins (FME). Helstu niðurstöður úr ársreikningum sjóðsins í m.kr. eru:

Rekstur ársins	2009	2008	2007	2006
Hreinar vaxtatekjur	1.826	2.721	1.385	1.138
Aðrar rekstrartekjur (gjöld)	(-37)	(1.390)	(97)	121
Almennur rekstrarkostnaður	132	106	70	64
Hagnaður ársins	1.656	1.225	1.219	1.195
Efnahagur 31. desember	2009	2008	2007	2006
Útlán	65.056	60.358	39.267	31.692
Aðrar eignir	5.468	3.598	2.466	2.275
Lántökur	56.778	51.026	29.255	21.957
Aðrar skuldir	817	1.657	2.430	3.181
Eigið fé	12.930	11.273	10.048	8.829
CAD-hlutfall	67%	57%*	112%	120%

*) Árin 2009 og 2008 er CAD-hlutfall reiknað miðað við Basel II en var reiknað miðað við Basel I hin árin.

Afkoma 2009

Tekjuafgangur 2009 var 1.656 m.kr. á móti 1.225 m.kr. árið áður. Háir vextir á innlendum markaði sem og mikil verðbólga skiluðu mjög góðri afkomu en eignir sem samsvara eigin fé sjóðsins eru að mestu bundnar í verðtrygðum útlánum. Ávöxtun á lausu fé var einnig framúrskarandi, en það var svo til allt varðveitt í Seðlabankanum.

Meginhlutverk sjóðsins er að tryggja sveitarfélögum, stofnunum þeirra og fyrirtækjum lánsfé á hagstæðum kjörum. Útborguð langtímalán á árinu 2009 voru 8.421 m.kr. miðað við 15.505 m.kr. á fyrra ári.

Sjóðurinn hefur ekki tapað útláni frá því að hann hóf starfsemi árið 1967 og engin vanskil voru í árslok 2009. Sveitarfélögin bera ekki ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins, en tryggingar fyrir útlánum hans eru í tekjum sveitarfélaga skv. 3. mgr. 73. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, sbr. einnig reglugerð um tryggingar Lánasjóðs sveitarfélaga í tekjum sveitarfélags nr. 123/2006.

Eigið fé í árslok 2009 var 12.930 m.kr. á móti 11.273 m.kr. árið áður. Vegið eiginfjárlutfall, svonefnt CAD-hlutfall, var í árslok 2009 67% en var 57% í árslok 2008, en þarf að vera 8% skv. lögum um fjármálafyrirtæki.

Framtíðarhorfur

Gert er ráð fyrir að afkoma sjóðsins á árinu 2010 verði svipuð og árin 2009 og 2008. Aðstæður á lánsfjármörkuðum munu þó hafa úrslitaáhrif á möguleika sjóðsins til að koma til móts við lánsfjárpörf sveitarfélaganna á árinu. Allt kapp verður lagt á að tryggja lánshæfi sjóðsins og viðhalda því trausti sem fjárfestar hafa á skuldbindingum hans.

Lánasjóðurinn mun að öðru leyti starfa í meginatriðum líkt og undanfarin ár þar sem stefnt hefur verið að eflingu á starfsemi hans og aukinni þjónustu við sveitarfélögin með því að nýta gott lánstraust sjóðsins til að útvega sveitarfélögunum lánsfé á hagstæðum kjörum.

Nánari upplýsingar veitir: Óttar Guðjónsson, framkvæmdastjóri, s. 515 4949.